

Fundargerð (41)

Fundur haldinn gegnum fjarfundabúnað Teams þriðjudaginn 17. ágúst 2021, kl. 14.00.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason
Frá Bandalagi háskólamanna; Maríanna H. Helgadóttir
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Aldís Magnúsdóttir og Einar Mar Þórðarson
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir
Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir og Kolbeinn Guðmundsson
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Heiða Björk Vignisdóttir
Verkefnisstjórn: Bergþór Haukdal Jónsson og Bára Hildur Jóhannsdóttir
verkefnisstjóri
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum lágu fyrir á Teams.

- 1. Fundargerð 40. fundar** samþykkt.
- 2. Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu verkefnisstjórnar.
- 3. Gagnaöflun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir matshóp.** Inga Rún upplýsti að sent hafi verið bréf til allra sveitarfélaga í lok júní til að minna á skyldu þeirra til að senda upplýsingar um lykilmælikvarða fyrir matshópa að vinna með. Sveitarfélögum sem ekki hafa skilað upplýsingum var gefinn frestur til 1. september til að skila upplýsingum fyrir tímabilið frá 1. maí. Hún sagði svörun hafa verið litla og annað bréf verði sent út til að minna á málið og mikilvægi þess að upplýsingum sé skilað frá öllum launagreiðendum. Rætt hvort verkefnisstjórn og matshópur geti orðið til liðs og veitt sveitarfélögum sem verkefnið vefst fyrir sérhannaða tilsögn og fræðslu. Slík hópfræðsla á vegum verkefnisstjórnar hafi gefist vel í samskiptum við hópa launagreiðenda og launafólks á innleiðingartímanum. Hugmyndin fékk góðar undirtektir og munu Inga Rún og Bára Hildur fara í saumana á henni og leggja niðurstöðu sína fyrir næsta fund stýrihópsins.
- 4. Matshópur – staðan.** Kolbeinn gerði grein fyrir fundargerð 39. fundar matshópsins sem lá fyrir í gögnum fundarins. Hann vakti athygli á vandkvæðum við upplýsingasöfnun frá sveitarfélögum. Jafnframt var minnt á að á síðasta fundi fyrir sumarhlé í lok júní hafi Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu upplýst að vinna til að tryggja skil gagna til matshópsins frá öllum launagreiðendum væri langt komin og mætti vænta skila alveg á næstunni. Upplýsingar hafi því miður ekki skilað sér og væntanlega lent í undandrætti vegna mannbreytinga. Þá var rætt um form

skýrslugerðar til matshóps til stýrihópsins. Kallað var eftir því að matshópurinn skili heildstæðri skýrslu í hverjum mánuði, þar sem tilgreint er ef einstakir lykilmælikvarðar víkja frá markmiðum eða ná skilgreindu viðvörunarstigi. Jafnframt komi fram í skýrslunni ef einhverju er áfátt í skilum upplýsinga launagreiðenda til matshóps.

- 5. Verkefnaáætlun verkefnastjórnar haustið 2021.** Bára Hildur kynnti verkefnaáætlunina, sem unninn var í samráði við Helgu, Aldísi og Sonju Ýr. Hún vakti athygli að að verkefnaáætlunin sé “lifandi skjal” sem sæti endurskoðun, ef tilefni gefst til. Í verkefnaáætluninni er gerð grein fyrir föstum fundum stýrihóps, matshóps og innleiðingarhópa, upplýsingagjöf til stýrihóps og skipulagi samstarfs. Jafnframt er gerð grein fyrir meginverkefnum og forgangs röðun þeirra. Af hálfu stýrihóps var þakkað fyrir greinargott skjal, sem stuðlar að gagnsæi og skilvirkni í störfum. Tillaga um að fastir fundir verkefnisstjórnar verði hálfsmánaðarlega á fimmtudögum frá 14.30 og að jafnaði ekki lengur en til 16.00 var samþykkt samhljóða. Verkefnisstjóri mun boða til funda í samræmi við það.

Fundi slitið kl. 15.02. Næsti fundur verður fimmtudaginn 9. september kl. 14.30. Fundargerð er aðgengileg á Teams.